

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 11-2025

Staður: Hvanneyri

Tími: Þriðjudagur 18. nóvember 2025 kl. 12:00-15:30

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Birgir Þór Haraldsson, Fertram Sigurjónsson, Bragi Geir Bjarnason, Ingiberg Daði Kjartansson, Þórunn Jónsdóttir, Jóhanna Gísladóttir, Haukur Þórðarson og Isabel C. Barrio.

Forföll: Áshildur Bragadóttir, Jón Bjarnason og Guðrún Sigríður Tryggvadóttir.

Fundurinn hófst kl. 12 með hádegisverði á Hvanneyri og skoðunarferð um Ásgarð, aðalbyggingu skólans að Hvanneyri. Síðan var lagt af stað í skoðunarferð í búin. Fyrst var farið í hestamiðstöðina að Mið-Fossum þar sem Guðbjartur Þór Stefánsson bústjóri tók á móti hópnum. Hann sagði frá aðstöðunni og notkun hennar og fór yfir nýlegar framkvæmdir við útireiðvöllinn. Næst var farið í heimsókn á sauðfjárbúið að Hesti þar sem Jóhannes Kristjánsson bústjóri tók á móti hópnum. Með honum voru Vildís Þrá Jónsdóttir bústarfsmaður og Heiðar Árni Baldursson fjármeistari. Jóhannes sagði frá búinu og sýndi hópnum nýjan tilraunafóðrunarbúnað sem keyptur var fyrir styrk frá Minningarsjóði Halldórs Pálssonar. Búið er að setja nýtt gólf í hálf húsið, koma upp nýrri vigt og nýlega var loftræsting endurnýjuð. Jóhannes fylgdi síðan hópnum í Hvanneyrarfjósi þar sem Björn Ingi Ólafsson fjósameistari tók á móti okkur. Þeir sýndu aðstöðuna í Hvanneyrarfjósi og helstu tækin þar. Loks var farið í skoðunarferð um gömlu torfuna og litið inn í Landbúnaðarsafnið í Halldórsfjósi.

Að skoðunarferð lokinni var haldið í Ásgarð. Farið var yfir helstu niðurstöður smærri funda með starfsfólki um framtíðarsýn fyrir Landbúnaðarháskólann. Unnið verður frekar úr niðurstöðum og þær kynntar á starfsmannafundi þann 15. desember. Þá voru ræddar afkastahvetjandi greiðslur til starfsfólks. Minnt var á jólagleði Lbhí sem haldin verður á Húsafelli 30. nóvember.

RIP